

**8. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
18. febrúar 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Helga Gunnarsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Arnheiður G. Andrésdóttir ráðgjafaproskafjálfi.

**Fundargerð ritaði:** Helga Gunnarsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1411069 - Þjónustugjaldskrár 2015 - ráðstöfun fjármuna**

*Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri mætti á fundinn kl. 16:00 og fór yfir hugmynd að breytingum á gjaldskrá vegna félagslegrar heimbjónustu. Velferðar- og mannréttindaráð telur að rétt sé að einfalda gjaldskrá vegna félagslegrar heimbjónustu. Tillaga er um að flokkum verði fækkað um einn á árinu 2016 og annan á árinu 2017. Alltaf verði hópur sem ekki greiðir gjald vegna þjónustunnar.*  
*Laufey                      vék                      af                      fundi                      kl.                      16:35.*

**2. 1502159 - Stuðningsfjölskyldur - hækkun greiðslna**

*Farið yfir tillögu að hækkun á greiðslum til stuðningsfjölskyldna í samræmi við tillögu frá Þjónusturáði Vesturlands. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu Þjónusturáðs Vesturlands.*

**3. 1502165 - Beiðni um búsetuþjónustu - trúnaðarmál**

*Sveinborg Kristjánsdóttir mætti á fundinn kl. 16:45. Arnheiður kynnti nýja þjónustubeiðni.*

**4. 1411124 - Starfshættir velferðar- og mannréttindaráðs**

*Arnheiður kynnti þjónustu við fatlaða einstaklinga. Hún fór einnig yfir ný verkefni sem                      framundan                      eru.*

*Sveinborg kynnti námskeið fyrir fulltrúa í félagsþjónustunefndum sem haldið verður í Borgarbyggð 13. mars kl. 10:00 - 16:00. Fulltrúar í ráðinu lýsa yfir áhuga á að mæta. Félagsmálastjóri mun sjá um að kynna námskeiðið fyrir varamönnum í ráðinu.*

VG  
VP.G

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.**

Vilborg P. Guðbjartsdóttir  
Eina Þrudra  
Kunnskildur Bj.  
Sveinborg Kristjánsd.  
Fuglajörng Saluadótt  
Helga Gunnarsdóttir